

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 10. maí 2016 á Kjóavöllum.

10. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Helga Hermannsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Magnús Benediktsson framkv.stj. og Hafdís Svava Níelsdóttir starfsmaður Sprettis.

Ragna Emilsdóttir og Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

Á þessum tíunda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Samþykki fundargerðar síðasta fundar frestað til næsta fundar.
2. Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti að innleiðing nýs bókhaldskerfis (DK kerfið) væri hafin og að byrjað væri að bóka reikninga inn í kerfið.
3. Gjaldfallin er krafa frá Áberandi vegna félagsfána, Magnús Benediktsson athugar málið.
4. Fundarherbergi uppi, mikilvægt að það sé snyrtilegt og að þeir sem noti það gangi frá því eins og að því var komið. Utanaðkomandi aðilar þurfa líka að hafa það á hreinu. Ef ekki er gengið frá þá þarf að vera hægt að senda rukkun fyrir þrifum.
5. Umhverfismál, garðyrkjustjóri Garðabæjar kom á fund með umhverfisnefndinni. Sigurður Tyrfingsson hefur rætt við Oddfellow um að Sprettur gæti fengið gefins tré sem eru í Urriðaholti. Sigurður Tyrfingsson tekur að sér að skrifa bréf til Garðabæjar og Kópavogs til að koma að þessum málum. Einnig getur Sprettur fengið gefins tré sem eru við Útvarpshúsið. Gott framtak í fegrun hverfisins.
6. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að búið væri að bera áburð á Básaskarð og brekkurnar við keppnisvellina. Ákveðið að leigja út beitarhólf, Magnús heldur utanum skipulagið og setur frétt á heimasíðu Sprettis.
7. Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna sinna. Fór yfir dagskrá í reiðhöll og veislusal næstu vikur. Framundan er mikill vinna við að undirbúa komandi mót og kynbótasýningar.
8. Lausaganga hunda er bönnuð á félagssvæði Sprettis. Til bóta væri að setja upp skilti við innkeyrslur á svæðið. Magnús Benediktsson ætlar að útvega skilti og láta setja upp í samráði við bæjarfélögin. Félagsmenn geta átt von á að hundaeftirlitsmenn komi í heimsókn á svæðið.
9. Formaður gerði grein fyrir að í skoðun er að stofna hestaípróttafélag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu (HÍF). Sprettur skoðar að koma að þessu samstarfi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir